

ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGUR

milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og
Rannsóknarmiðstöðvar Íslands

1. Tilgangur

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Rannsóknarmiðstöðvar Íslands (Rannís), við útfærslu á hlutverki stofnunarinnar. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli og upplýsingamiðlun á milli ráðuneytisins og stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar.

Samningurinn breytir ekki lögbundnum skyldum stofnunarinnar og heimildum ráðherra, meðal annars skv. IV. kafla laga um Stjórnarráð Íslands.

2. Hlutverk og verkefni

Rannís er ríkisstofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

2.1 Lög nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir

Stofnunin hefur það hlutverk samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 með síðari breytingum að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

Í því felst samkvæmt lögnum að:

1. Annast umsýslu Rannsóknasjóðs, Innviðasjóðs og Markáætlunar á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðherra.
2. Annast umsýslu Tækniþróunarsjóðs sem heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra.¹
3. Annast umsýslu annarra sjóða samkvæmt nánari ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra.
4. Annast þjónustu við fagråd og stjórnir framangreindra sjóða.
5. Annast gagnasöfnun og miðlun upplýsinga fyrir Vísinda- og tækniráð og nefndir þess um vísindarannsóknir, tækniþróun og nýsköpun í landinu; afla upplýsinga og gagna varðandi þróun vísinda og tækni á alþjóðavettvangi.
6. Gangast fyrir mati á árangri rannsókna, þróunar og nýsköpunar í landinu með reglulegum hætti og taka þátt í fjölþjóðlegum samanburðarathugunum á því sviði fyrir hönd Íslands þegar þess er óskað.
7. Annast kynningu á rannsóknastarfsemi í landinu fyrir almenning.
8. Annast kynningu og ráðgjöf fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki um möguleika á styrkjum og stuðla að samvinnu um rannsóknarverkefni innan lands og utan.
9. Hafa samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir eða skrifstofur og fylgjast með þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu vísindastarfi.
10. Sinna öðrum verkefnum sem ráðherra felur stofnuninni. Stofnunin getur átt samstarf við og tekið að sér verkefni á sviði vísinda- og tæknimála fyrir önnur ráðuneyti samkvæmt samkomulagi.

2.2 Önnur umsýsluverkefni skv. lögum nr. 3/2003

Á grundvelli heimildar í 3. og 10. tl. 10. gr. laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, felur ráðherra stofnuninni að sinna eftirtöldum verkefnum og sjóðum samanber fylgiskjöl við samning þennan.

¹ Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hefur gert sérstakan samning við Rannís um umsýslu Tækniþróunarsjóðs.

2.2.1 Háskóla og vísindamál

1. Umsýsla með rekstri *Gæðaráð háskóla* og ráðgjafanefndar Gæðaráðs háskóla. Gæðaráðið hefur umsjón með ytra mati á kennslu og rannsóknum skv. 14. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 með síðari breytingum, skv. bréf ráðuneytisins dags. 21.2.2013.
2. Umsýsla vegna *Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna* skv. reglum nr. 25/2013.
3. Umsýsla *Nýsköpunarsjóðs námsmanna* skv. reglum nr. 450/2007 með áorðnum breytingum skv. nr. 155/2008.
4. Umsjón með 7. rannsóknáætlun ESB og starfi landstengla áætlunarinnar.
5. Umsjón með fundarsókn *stjórnarnefndarfulltrúa í rammaáætlun ESB á sviði vísinda og rannsókna* samkvæmt bréfi ráðuneytisins dags. 3. mars 2011.
6. Umsjón með fundarsókn *Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar* samkvæmt bréfi ráðuneytisins dags. 30. desember 2011.

2.2.2 Alþjóðlegar samstarfsáætlanir og verkefni á sviði menntamála

Samkvæmt minnisblaði dagsettu 31. október 2012 um tilfærslu verkefna frá Háskóla Íslands til Rannís annast Rannís rekstur Landsskrifstofu Menntaáætlunar ESB ásamt verkefnum sem henni tengjast.

1. Nordplus – menntaáætlunin
2. Bologna promoters
3. e-Twinning
4. European Centre for Modern Languages
5. Cedefop ReferNet
6. Euroguidance
7. Europass
8. ECVET experts

Rannís veitir upplýsingar um námstækifæri hér á landi og erlendis sem og upplýsingar um styrktilboð til háskólanáms frá erlendum stjórnvöldum, skv. minnisblaði ráðuneytisins dags. 31. október 2012

Frá og með 1. janúar 2014 annast Rannís umsýslu vegna þátttöku Íslands í samstarfsáætlun ESB á sviði menntunar, íþróttar og æskulýðsstarfs (Erasmus for All), og nýrrar áætlunar um stuðning við menningarstarfsemi og kvikmyndaframleiðslu (Creative Europe). Á árinu 2013 verður unnið að því að undirbúa þetta verkefni og að Rannís annast einnig uppgjör, skýrslugerðir og frágang vegna þeirra áætlana sem framangreindar áætlanir taka við af.

2.2.3 Umsýsla innlendra sjóða og styrkveitinga á sviði menntamála

1. Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara – styrkveitingar
2. Námsorlof framhaldsskólakennara skv. 11. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008
3. Styrkir til íslenskukennslu fyrir útlendinga
4. Norrænir starfsmenntastyrkir (Danmörk, Noregur, Svíþjóð)
5. Vinnustaðanámssjóður skv. 5. mgr. 4. gr. laga um vinnustaðanámssjóð nr. 71/2012
6. Þróunarsjóður námsgagna skv. 7. gr. laga um námsgögn nr. 71/2007

2.2.4 Umsýsla innlendra sjóða og styrkveitinga á sviði menningar- og æskulýðsmála

1. Íþróttasjóður skv. lögum nr. 64/1998 og reglugerð nr. 803/2008
2. Æskulýðssjóður skv. lögum nr. 70/2007
3. Listamannalaun skv. lögum um listamannalaun nr. 57/2009
4. Barnamenningsjóður skv. reglum nr. 597/2003
5. Styrkir til atvinnuleikhópa skv. 17. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998
6. Tónlistarsjóður skv. lögum nr. 76/2004

Unnið verður að tilfærslu ofangreindra verkefna til Rannís á árinu 2013 miðað við að því ljúki fyrir árslok 2013. Jafnframt verði hugað að því að Rannís annast umsýslu fleiri sjóða og styrkjaliða, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

2.3 Önnur verkefni samkvæmt lögum

2.3.1 Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009

Rannís hefur samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009 með síðari breytingum og reglugerð nr. 758/2011 það hlutverk að ákvarða hvort nýsköpunarfyrirtæki uppfylli skilyrði til að njóta réttar til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni. Markmið þeirra laga er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni. Rannís skilgreini verkefnið nánar í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti.

3. Markmið og áherslur

Fyrir 15. október 2013 skal ljúka við að semja viðauka, ásamt fylgiskjöllum, við samning þennan til að gera grein fyrir stefnu Rannís ásamt langtímaáætlun um framkvæmd stefnunnar með markmiðum og mælikvörðum við mat á árangri starfseminnar. Viðaukinn er síðan til umræðu og endurskoðunar á reglubundnum fundum samningsaðila, samanber kafla 5. Báðir aðilar birta samninginn opinberlega (heimasíðu), ásamt skjöllum sem honum tengjast. Megináherslur í starfi Rannís á næstu árum, sem skulu útfærð í viðaukanum, eru eftirfarandi:

- Að vera öflug þjónustustofnun sem styður við þróun þekkingarsamfélags á Íslandi með því að miðla upplýsingum og greiða leið að sjóðum og samstarfsáætlunum á sviði rannsókna, nýsköpunar, mennta- og menningarmála og æskulýðsmála ásamt því að samþætta þjónustu við samstarf á framangreindum sviðum.
- Að stuðla að og efla sókn í alþjóðlegt samstarf og áætlanir á sviði rannsókna-, nýsköpunar, mennta- og menningarmála og æskulýðsmála ásamt því að samþætta þjónustu við alþjóðlegt samstarf á framangreindum sviðum.
- Að kynna mikilvægi rannsókna, nýsköpunar og sjóða á sviði mennta- og menningarmála og æskulýðsstarfs fyrir stjórnvöldum og almennungi, s.s. á heimasíðu stofnunarinnar, kynningarfundum og Vísindavöku. Heiti hlutaðeigandi sjóðs, áætlunar eða verkefnis skal vera áberandi í öllu kynningarefni.
- Að halda utan um og birta tölfraðilegar upplýsingar um sjóði og þátttöku í samstarfsáætlunum sem stofnunin hefur umsýslu með.
- Að sjá til þess að umsóknar- og matskerfi sjóða í umsýslu stofnunarinnar verði fyrirmyndir fyrir skilvirkni og fagleg vinnubrögð.
- Að auka samlegð í rekstri, bæta stöðugleika í þjónustu og uppfylla betur væntingar um gagnsæja, faglega og rafræna stjórn-sýslu og formlegar kröfur um gæðakerfi.
- Að byggja upp tengslanet á landsbyggðinni svo þjónusta stofnunarinnar sé sýnileg í öllum landshlutum.
- Að birta á heimasíðu sinni öll lög, reglur og stjórnvaldsfyrirmæli þeirra verkefna/sjóða sem Rannís sinnir þ.á.m. úthlutunarreglur, skilmála og upplýsingar um hverjir hafa fengið styrki. Stefnt skal að því að birta fundargerðir stjórna sjóða, þar sem um ráðstöfun fjár er að ræða.

4. Gagnkvæmar skyldur

Ábyrgð og skyldur Rannís

Rannís annast verkefni sem stofnuninni eru falin með lögum, reglugerðum eða samkvæmt lagaheimildum. Forstöðumaður er tengiliður gagnvart ráðuneyti og ábyrgðaraðili samkomulags þessa.

Stofnunin mun fyrir 30. nóvember ár hvert, nema ráðuneytið ákveði annan skiladag, leggja fram ársáætlun fyrir komandi ár samanber ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga, sem innihaldi rekstraráætlun, verkefnaáætlun og tiltekin markmið og mælikvarða á þau innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.

Fjármálastjórn stofnunarinnar skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerð og önnur fyrirmæli um framkvæmd fjárlaga, rekstur og stjórnun ríkisstofnana í A-hluta. Stofnunin hagar rekstri sínum þannig að útgjöld séu innan fjárheimilda og fjármunir nýttir á árangursríkan hátt.

M

Haldið skal utan um rekstur helstu verkefna Rannís í verkefnabókhaldi og getur mennta- og menningarmálaráðuneyti á hverjum tíma fengið upplýsingar um fjárreiður og stöðu einstakra verkefna, þ.m.t. upplýsingar um vinnustundir og útlagðan kostnað. Rannís skilar yfirliti yfir rekstur verkefna til ráðuneytis á reglulegum fundi samningsaðila í febrúar- mars hvert ár (sjá kafla 5.1).

Fyrir lok febrúar ár hvert skilar stofnunin til ráðuneytisins niðurstöðu verkefnaáætlunar liðins árs þar sem m.a. kemur fram hvernig henni gekk að ná þeim markmiðum sem sett voru fyrir undangengið ár.

Rannís kynnir samningi þennan á heimasíðu sinni, ásamt markmiði og áherslum í rekstri stofnunarinnar samanber kafla 3, í samningi þessum.

Ábyrgð og skyldur mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ráðuneytið skilar fjárlagatillögum til fjármála- og efnahagsráðuneytis og annast samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar. Við tillögugerðina mun ráðuneytið beita sér fyrir því að fjármögnun verði í samræmi við áherslur og markmið samkvæmt samningi þessum.

Ráðuneyti vekur athygli stofnunarinnar á laga- og reglugerðarbreytingum er varða starfssvið hennar og kunna að hafa áhrif á framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn nær til.

Ráðuneytið leggur mat á árangur stofnunarinnar við framkvæmd þeirra verkefna sem samningur þessi kveður á um. Mat þetta skal liggja fyrir eigi síðar en mánuði eftir að stofnunin hefur skilað inn gögnum fyrir undangengið ár.

Ráðuneyti boðar fasta fundi, ritar fundargerðir og vinnur úr árlegum fundum í samráði við stofnunina, m.a. endurskoðun samnings þessa, sé talið tilefni til.

Tilnefnir tengilið/umsjónarmann þessa samnings gagnvart stofnuninni.

Ráðuneytið skal taka afstöðu til þeirra markmiða, forgangsröðunar og mælikvarða sem fram koma í langtímaáætlun stofnunarinnar, innan eins mánaðar frá því áætlunin er lögð fram.

Stefnt skal að því að halda árlegan fund ráðuneytis með forstöðumanni stofnunarinnar um málefni sem varða hann sérstaklega.

Miklar breytingar munu eiga sér stað á starfsemi stofnunarinnar á árunum 2013 og 2014. Fyrir liggur að stofnunin þarf nýtt húsnæði til að ná fram þeim samlegðaráhrifum og hagræðingu sem að er stefnt. Ráðuneytið mun styðja einarðlega við að stofnunin fái svigrúm/heimild og fjármuni til að flytja starfsemina á einn stað fyrir árslok 2013.

5. Reglulegir fundir

5.1 Regluleg samskipti vegna almennrar framkvæmdar samningsins

Fulltrúar ráðuneytisins og stofnunarinnar halda formlega fundi minnst tvisvar á ári til að ræða samning þennan, málefni stofnunarinnar og samskipti sín á milli.

Miða skal við að fyrri fundur verði í febrúar- mars og að fastir liðir verði:

- Starfsemi stofnunarinnar og árangur á liðnu ári.
- Ársskýrsla stofnunarinnar fyrir liðið ár, samanburður á útgjöldum og fjárheimildum og samanburður á markmiðum ársins og útkomu.
- Yfirlit yfir rekstur helstu verkefna stofnunarinnar liðið ár, þ.m.t. yfirlit yfir fjárreiður og skiptingu vinnutíma.
- Staða mála í samanburði við starfs- og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.
- Endurskoðun viðauka samnings þessa, sérstaklega áherslur, markmið og árangursmælikvarðar.
- Endurskoðun fylgiskjala samnings þessa sem skilgreina nánar einstök verkefni.
- Önnur mál.

Miðað skal við að seinni fundur verði í nóvember og að fastir liðir verði:

- Horfur um afkomu og árangur á yfirstandandi ári.
- Forsendur fjárlaga og ársáætlun fyrir komandi ár.
- Önnur mál

5.2 Regluleg samskipti vegna afmarkaðra verkefna

Fulltrúar ráðuneytisins og stofnunarinnar halda formlega fundi einu sinni á ári til að ræða skipulag og framkvæmd afmarkaðra verkefna samnings þessa. Gert er ráð fyrir sérstökum fundi fyrir hvern af eftirtöldum liðum:

- Til að gefa yfirlit um þátttöku í Alþjóðlegum samstarfsáætlunum á sviði vísinda sem er styrkt af fjárlagalið Rannís. Um er að ræða stuðning við langtíma verkefni, s.s. aðildargjöld og tímabundin verkefni.
- Framkvæmd á umsýslu og rekstri innlendra sjóða og styrkveitinga á sviði menntamála (sbr. lið 2.2.3) og menningar- og æskulýðsmála (sbr. lið 2.2.4).

Miða skal við að fundir vegna afmarkaðra verkefna verði í febrúar- mars ár hvert.

6. Gildistími og endurskoðun samnings


Samningur þessi gildir frá undirritun og til ársloka 2015. Hvor aðili um sig getur óskað eftir að einstök ákvæði samningsins eða samningurinn í heild sinni verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

Reykjavík, 24. apríl 2013



Mennta- og menningarmálaráðgjafi,

Katrín Jakobsdóttir



Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Íslands

Hallgrímur Jónasson

**Fylgiskjal við árangursstjórnunarsamning mennta- og menningarmálaráðuneytis við
Rannsóknamiðstöð Íslands, dags. 24. apríl 2013**

1. Umsýsla með rekstri Gæðaráðs háskóla og ráðgjafanefndar Gæðaráðs háskóla.

Með bréfi þessu er Rannsóknamiðstöð Íslands falin með formlegum hætti umsýsla með rekstri Gæðaráðs háskóla og ráðgjafanefndar Gæðaráðs háskóla sem stofnunin hefur annast frá því ráðuneytið fól henni að hafa umsjón með stofnun gæðaráðsins, skv. sérstökum samningi dags. 21. september 2010.

Mennta- og menningarmálaráðherra stofnaði Gæðaráð háskóla og ráðgjafanefnd Gæðaráðs háskóla sem lið í því að fylgja eftir ákvæðum um ytra mat í IV kafla laga um háskóla nr. 63/2006 með síðari breytingum.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna getur ráðherra falið nefnd, stofnun, fyrirtæki eða öðrum til þess bærur aðilum, innlendum sem eða erlendum, að annast almenna umsýslu með ytra mati á kennslu og rannsóknum.

Ráðherra setur skv. 2. gr. 11. gr. laganna reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna og gildir nú um þetta reglugerð nr. 321/2009. Gæðaráð háskóla og ráðgjafanefnd Gæðaráðs starfa á ábyrgð ráðherra.

Gæðaráð háskóla ber faglega ábyrgð á starfssemi sinni og úttektum á háskólum nýtur til þess ráðgjafar frá ráðgjafanefnd Gæðaráðs háskóla. Gæðaráð háskóla getur út rammaáætlun um eflingu gæða æðri menntunar á Íslandi.

Í umsýslu með rekstri Gæðaráðs háskóla og ráðgjafanefndar Gæðaráðs háskóla felst meðal annars eftirfarandi:

- Auðvelda Gæðaráði háskóla og ráðgjafanefnd háskóla að sinna skyldum sínum með því að leggja þeim til nauðsynlega aðstöðu, almenna skrifstofuþjónustu og sérhæfða aðstoð og ráðgjöf. Miðað er við að vinnuframlag sé að lágmarki eitt ársverk til jafnaðar.
- Fylgja ákvörðunum ráðsins eftir í framkvæmd.
- Afhenda ráðuneytinu ársáætlun fyrir komandi ár í samráði við ráðið eigi síðar en 30. nóvember ár hvert. Hún fjalli um rekstur og verkefni ráðsins þar sem fram koma markmið sem unnið verður að á árinu og mælikvarðar sem nota má við að meta þau.
- Annast fjármálastjórn og rekstur ráðsins og ráðgjafanefndarinnar svo sem skipuleggja ferðir, annast samskipti við ráðuneyti og háskóla, skipuleggja ytri úttektir í umboði ráðsins og gera samninga vegna úttekta, greiða útgjöld svo sem vegna þóknana, ferða og upphalds, verktaka, aðstöðu, stoðþjónustu og sérhæfrar aðstoðar.
- Birta jafnóðum upplýsingar um störf gæðaráðsins, reglur, viðmiðanir, leiðbeiningar, matsskýrslur, greinargerðir, ársskýrslur, niðurstöður mælinga og annað sem upplýsir um gæði í kennslu og rannsóknum.
- Afhenda ráðuneytinu í upphafi hvers árs stutta ársskýrslu um störf og fjármál gæðaráðs og ráðgjafanefndar á liðnu ári með samanburði við ársáætlun og markmið sem höfðu verið sett. Jafnframt skal senda ráðuneytinu fundargerðir ráðsins og ráðgjafanefndar.

Af fjárveitingu Rannsóknamiðstöðar Íslands í fjárlögum eru 30 m. kr. ætlaðar til reksturs Gæðaráðs og ráðgjafanefndar, þar á meðal vegna úttekta og umsýslu.

Í upphafi hvers árs munu ráðuneytið og Rannsóknamiðstöð Íslands fara sameiginlega yfir starfsemi og fjármál gæðaráðs og ráðgjafanefndar árinu á undan og fyrirliggjandi ársáætlun. Í tengslum við þá yfirferð munu ráðuneytið og Rannsóknamiðstöð Íslands hafa samráð um að boða til fundar með Gæðaráði háskóla.

Visa má álitamálum um samstarf Rannsóknamiðstöðar Íslands, Gæðaráðs háskóla og ráðgjafanefndar Gæðaráðs til ráðuneytisins

1. Umsjón með fundarsókn stjórnarnefndafulltrúa í rammaáætlun Evrópusambandsins á sviði vísinda og rannsókna.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól með Rannsóknamiðstöð Íslands, skv. bréfi dags. 3. mars 2011 að annast umsjón með fundarsókn stjórnarnefndafulltrúa í rammaáætlun Evrópusambandsins á sviði vísinda og rannsókna.

Í verkefninu felst að Rannís samþykkir ferðaheimildir og leggur út fyrir og pantar ferðir fyrir stjórnarnefndarfulltrúa á fundi. Alþjóðasvið Rannís mun halda utan um formlega afgreiðslu ferðareikninga og uppgjör.

Rannís tekur við verkefninu frá og með 1. mars 2011. Gert er ráð fyrir að stofnunin fái árlega allt að 5 m. kr. vegna greiðslu dagpeninga og vegna fargjalda um 10 - 12,5 m. kr. Ráðuneytið greiðir kostnað vegna dagpeninga í janúar og ágúst ár hvert en útlagðan kostnað vegna fargjalda ársfjórðungslega skv. uppgjóri frá Rannís þar sem Evrópusambandið endurgreiðir ráðuneytinu ferðakostnaðinn beint.

Í upphafi hvers árs mun mennta- og menningarmálaráðuneytið fara yfir þátttöku Íslands og fundarsókn árinu á undan með Rannís og vísindafulltrúa ráðuneytisins í Brussel. Rannís skal leggja fram faglegt og fjárhagslegt uppgjör ásamt fundargerðum af öllum stjórnarnefndarfundum ársins. Í þeirri samantekt skal vera stutt greinargerð um árangur í hverri áætlun. Í framhaldi af slíkri greiningu verður forgangsróðun endurskoðuð og áætlun gerð í ljósi þess sem framundan er. Að sex mánuðum liðnum verður sú áætlun endurskoðuð og endurbætt ef ástæða þykir til. Kostnaður vegna fundasóknar stjórnarnefndarfulltrúa það sem af er árinu dregst frá ofangreindri upphæð.

Í tengslum við þessar breytingar skal Rannís skipa stjórnarnefndarfulltrúa með formlegum hætti og setja þeim erindisbréf. Skal skipunin vera tímabundin til þriggja ára í senn.

2. Umsýsla með málefnum Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar

Ráðuneytið fól Rannsóknamiðstöð Íslands með bréfi dags. 30. desember 2011 að annast umsýslu með málefnum Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar, International Arctic Science Committee. Í því felst að skipa fulltrúa í nefndina og halda utan um fundarsókn og fundargerðir, ásamt því að kynna starf nefndarinnar fyrir háskóla- og vísindasamfélaginu.

Skrifstofa IASC er í Potsdam í Þýskalandi en vefsetur hennar er www.arcticportal.org.

Skv. bréfinu fær stofnunin 2 m.kr. viðbótarframlag til verkefnisins á árinu 2011 og mun ráðuneytið funda árlega með Rannís til að fara yfir verkefnið.

Í minnisblaði til undirbúnings ákvörðun um að fela stofnuninni verkefnið kemur m.a. fram að gert er ráð fyrir að greiða þurfi 11.000 evrur á ári fyrir fulla þátttöku í starfi Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar og vísindanefnda hennar. Á árunum 2006-2009 fékk Rannís sérstakt fjárframlag frá menntamálaráðuneyti til vegna þátttöku í norðurslóðasamstarfi sem fólst í því að starfsmaður Rannís sat í stjórn og var með formennsku í ráðinu.

3. Umsjón með upplýsingagjöf um námstækifæri og umsjá með styrktilboðum

Ráðuneytið fól Rannís þann 1. janúar 2013 umsjón með upplýsingagjöf um námstækifæri hér á landi og erlendis. Í því felst m.a. að reka Upplýsingastofu um nám erlendis, þjónusta sérstaklega nemendur sem hyggja á nám á erlendri grund og aðstoða þá við upplýsingaleit, umsóknir, umsóknarfresti, mögulega styrki, tungumálapróf, dvalarleyfi, námslán o.s.frv. Gert er ráð fyrir að Rannís haldi við heimasíðunni: *Study in Iceland*.

Samtímis tekur Rannís yfir umsýslu með styrktilboðum sem berast frá erlendum stjórnvöldum sem hefur verið í höndum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í því felst að auglýsa sérstaklega á heimasíðu Rannís þegar slík tilboð berast og taka þátt í mati á umsóknum, eftir því sem við á.

Gert er ráð fyrir að Rannís taki þátt í árlegum Háskóladegi og kynni þar framangreind tækifæri.

4. Samningur um landskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins.

Menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands gera með sér svofelldan samning:

1. gr. Viðfang sammingsins

Háskóli Íslands tekur að sér að reka landskrifstofu fyrir menntaáætlun Evrópusambandsins (Lifelong Learning Programme 2007-2013). Starfsemi landskrifstofu menntaáætlunar ESB byggir annars vegar á starfi landskrifstofu fyrir Leonardó da Vinci áætlun ESB, sem Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands hefur séð um að reka og hins vegar á starfi landskrifstofu Sókrates áætlunar ESB sem Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins hefur séð um að reka.

2. gr. Stjórn

Menntamálaráðuneytið skipar landskrifstofunni stjórn til þriggja ára í upphafi og síðan til fjögurra ára. Stjórnin starfar í umboði og á ábyrgð menntamálaráðuneytisins. Í stjórninni skulu eiga sæti átta manns og jafn margir til vara: Formaður skipaður af menntamála-ráðuneytinu án tilnefningar, einn fulltrúi grunnskólastigs (skólastjóri), tilnefndur af Kennarasambandi Íslands, einn fulltrúi framhaldsskólastigs, tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla, einn fulltrúi háskólastigs, tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins, einn fulltrúi fullorðinsfræðslu tilnefndur af Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, einn fulltrúi atvinnurekenda tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn fulltrúi launþega tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og einn fulltrúi nemenda tilnefndur af samtökum nemenda í háskólum.

3. gr. Verkefni stjórnar

Stjórnin skal stuðla að árangursríkri framkvæmd menntaáætlunar ESB á Íslandi og eru helstu verkefni hennar eftirfarandi:

Almenn stefnumótun fyrir starf skrifstofunnar í samræmi við þann ramma sem starfsemi hennar er markaður af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins Nr. 1720/2006/EC um áætlunina og nánari útfærslu á réttindum og skyldum framkvæmdastjórnar ESB, stjórnvalda og landskrifstofa í þátttökulöndunum. Ákvörðun framkvæmdastjórnar um útfærsluna fylgir þessum samningi sem viðauki I (Commission Decision relating to the respective responsibilities of the Member States, the Commission and the National Agencies in implementation of the Lifelong Learning Programme (2007-2013)).

Ákvörðun forgangs- og áhersluatriða við kynningu og úthlutun styrkja innan þess ramma sem heimilt er.

Ákvörðun um skiptingu fjármagns milli einstakra hluta áætlunarinnar innan þess ramma sem heimilt er.

Skipun matsnefnda fyrir einstaka hluta áætlunarinnar, ákvörðun um verklag við mat á umsóknum og eftirlit með að því verklagi sé fylgt. Hér skal byggja á fjórskiptingu milli (1) mati á umsóknum, sem eftir eðli verkefna er unnið er af starfsfólki landskrifstofunnar, óháðum sérfræðingum og matsnefnd, (2) tillögum um úthlutun, sem gerðar eru af matsnefndum, (3) eftirliti með matsferlinu, sem er í höndum stjórnar skrifstofunnar og (4) formlegri ákvörðun um úthlutun styrkja, sem er í höndum forstöðumanns eða manna eftir atvikum.

Almennt eftirlit með starfsemi landskrifstofunnar.

4. gr. Verkefni landskrifstofu

Háskóli Íslands ber ábyrgð á skipulagi skrifstofunnar, daglegum rekstri, starfsmannahaldi og því að starfsfólk uppfylli þær kröfur sem gerðar eru og hliti settum starfsreglum, samanber ítarlegar leiðbeiningar fyrir landskrifstofur áætlunarinnar, sem fylgja í viðauka II (Guide for National Agencies implementing the Lifelong Learning Programme). Byggt verður á starfi Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins og Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands vegna fyrri landskrifstofa. Landskrifstofan mun koma á fót gæðakerfi sem verður grundvöllur skipulags, verkferla og verkaskiptingar milli þeirra sem vinna að verkefnum landskrifstofunnar og jafnframt tæki stjórnvalda og framkvæmdastjórnar ESB til að hafa eftirlit með starfi skrifstofunnar. Stjórnvöld bera ábyrgð á fyrirkomulagi og framkvæmd endurskoðunar og eftirlits með starfsemi og fjármálum landskrifstofunnar.

Verkefnum landskrifstofu er lýst í 6. grein ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins Nr. 1720/2006/EC um áætlunina og þau útfærð nánar í þeim ákvörðunum og leiðbeiningum framkvæmdastjórnar sem fylgja sem viðaukar I og II.

Helstu verkefni eru:

Reglulegt samstarf við menntamálaráðuneyti og framkvæmdastjórn ESB um framkvæmd menntaáætlunar ESB á Íslandi.

Kynning á áætluninni, markmiðum hennar, forgangsattriðum og umsóknarfrestum og miðlum upplýsinga til væntanlegra umsækjenda.

Vinna með matsmönnum og matsnefndum við mat á styrkumsóknum og frágangi á rökstuðningi fyrir styrkveitingum.

Formleg ákvörðun um úthlutun.

Gerð samninga um verkefni sem hljóta styrki, afgreiðsla styrkja og eftirlit með framkvæmd verkefna

Uppgjör á reglulegum samningum við framkvæmdastjórn ESB vegna þeirra styrkja sem íslenska landskrifstofan úthlutar.

Endurskoðun og úttekt á verkefnum í samráði við framkvæmdastjórn ESB.

Aðstoð við mat stjórnvalda og framkvæmdastjórnar ESB á menntaáætluninni.

5. gr. Fjármögnun

Kostnaður við rekstur landskrifstofu greiðist af rekstrarframlagi frá framkvæmdastjórn ESB, menntamálaráðuneytinu og móttframlagi Háskóla Íslands í formi aðstoðu og yfirstjórnar. Miðað er við að framlag framkvæmdastjórnar og ráðuneytis dugi fyrir öllum beinum útlögðum kostnaði; starfsmannakostnaði, útgáfu- og kynningum og ferðakostnaði. Árlega er gerður samningur milli ráðuneytisins og Háskóla Íslands í formi fjárhagsáætlunar í íslenskum krónum um nauðsynlegt heildarumfang skrifstofunnar eftir því sem heimild er veitt til í fjárlögum. Frá heildaráætlun dregst raunverulegt rekstrarframlag ESB eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Framlag ráðuneytisins greiðist tvisvar á ári: Í janúar á grundvelli fjárhagsáætlunar og fyrir lok ársins þegar greiðslur frá ESB liggja fyrir.

6. gr. Önnur verkefni

Landskrifstofa menntaáætlunar ESB tekur að sér að ljúka þeim verkefnum sem ólokið verður þegar samningar renna út vegna fyrri áætlana, Leonardó da Vinci starfsmenntaáætlunar og Sókrates menntaáætlunar. Í því felst eftirlit og uppgjör gangvart styrktum verkefnum og skil á greinargerðum og uppgjöri vegna þeirra í samræmi við samninga fyrri landskrifstofa við framkvæmdastjórn ESB. Sama hlutverki gegnir landskrifstofan við lok menntaáætlunar ESB 2013.

7. gr. Gildistími og uppsögn

Samningur þessi hefur sama gildistíma og menntaáætlun ESB. Samningurinn er uppsegjanlegur af hvorum aðila fyrir sig með eins árs fyrirvara ef um verulegar breytingar eða uppstökkun á starfsemi er að ræða hjá öðrum hvorum samningsaðila. Uppsögn samningsins samkvæmt þessari grein skal vera skrifleg og rökstudd. Heimilt er stjórnvöldum að loka landskrifstofunni fari hún ekki að settum vinnureglum, sbr. ákvæði 3. greinar í viðauka I.

8. gr. Ágreiningur

Komi upp ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins skulu aðilar leita ítrustu leiða til að leysa hann. Takist ekki að leysa ágreininginn skal honum vísað í gerðardóm. Komi upp ágreiningur við framkvæmdastjórn Evrópu-sambandsins vegna framkvæmdar menntaáætlunarinnar á Íslandi hefur menntamálaráðuneytið forgöngu í málinu.

Gert í Reykjavík, desember 2006.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
menntamálaráðherra

Kristín Ingólfssdóttir
háskólarektor

5. Verkefni Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands fyrir Cedefop, starfsmenntastofnun ESB árin 2012-2015

Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands mun sækja um að vera ReferNet tengiliður Cedefop á Íslandi næstu fjögur árin (þ.e. 2012-2015). Umsóknin er gerð með vitund og vilja mennta- og menningarmálaráðuneytisins, enda skrifar ráðuneytið undir sérstakt meðmælabréf sem fylgir umsókninni.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun árlega greiða 30% af heildarkostnaði vegna þessa sem er 10.121 € vegna ársins 2012. Framlag ráðuneytisins er greitt til Rannsóknþjónustunnar á gengi evru þegar óskað er eftir framlaginu. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaðurinn hækki í evrum talið næstu fjögur árin.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið tilnefnir tengilið um málefni ReferNet og mun starfsfólk Rannsóknþjónustunnar hafa náð samráð við hann um skil á gögnum er varða stefnumótun í starfsmenntamálun á Íslandi.

Vegna ofangreinds verkefnis og að teknu tilliti til þess að Rannsóknþjónustan sér einnig um Cedefop námsheimsóknir – sem eru hluti af rekstri Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB – mun Rannsóknþjónustan áfram sinna setu í stjórnarnefnd Cedefop fyrir hönd ráðuneytisins og verður Ásta Sif Erlingsdóttir áfram fulltrúi Íslands. Frá og með áramótum 2012 mun hún einnig taka sæti í framkvæmdaráði Cedefop (*Bureau*) sem fulltrúi Íslands og Noregs – en því fylgja aukalega tveir fundir á ári. Gert er ráð fyrir að hún sitji í framkvæmdaráðinu 2012 og 2013.

6. Umsjón með Europass

Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands er með bréfi 4. febrúar 2005 falin umsjón með verkefnum Europass-miðstöðvar á Íslandi (National Europass Center) eins og þau eru tilgreind í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2241/2004/EB frá 15. desember 2004 (hjálagt). Verkefnið felur í sér að hafa yfirumsjón með þeim aðgerðum, sem til er stofnað á grundvelli ákvörðunarinnar og gegna sameiningarhlutverki. Meðal verkefnanna er umsjón með heimasíðu fyrir samanburð prófskírteina, eyðublaði fyrir samevrópska ferilskrá og viðaukum með prófskírteinum á framhaldsskólastigi. Rannsóknþjónustan skal samræma eftir atvikum aðkomu stofnana eða félaga sem hlut eiga að máli, svo sem Menntar, sem áfram mun sjá um Europass fyrir starfsmenntun, EES-vinnumiðlunar á Íslandi, Evrópumiðstöðvar náms- og starfsráðgjafar og annarra hagsmunaaðila á Íslandi.

Menntamálaráðuneytið mun ákveða fjárframlög til starfseminnar á grundvelli rökstuddrar beiðni og starfs- og fjárhagsáætlunar Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands í upphafi hvers árs.

Ráðuneytið mun í lok árs 2006 meta árangur þessa verkefnis og taka ákvörðun um framhald þess að því búnu.

7. Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins

Á grundvelli samnings dags. XX (er að leita) greiddi mennta- og menningarmálaráðuneytið 1,5 millj. kr. styrk til Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins. Styrkurinn var viðbótargreiðsla vegna reksturs Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins á eftirtöldum verkefnum sem Rannís tekur nú yfir:

Erasmus Mundus landsskrifstofa,
E-twinning landsskrifstofa,
Bologna Promoters,
Tungumálamiðstöðin í Graz.

Rannís tekur jafnframt við verkefnum Upplýsingastofu um nám erlendis, sbr. lið 2.2.2. málsgr. 4 í samningi þessum.